

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 18. febrúar var haldinn 434. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:50.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Bjarni Th. Bjarnason Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Í framhaldi af kynningu á ofanflóðahættumati á seinasta fundi samstarfsnefndarinnar 17. desember 2026 var upplýst um að matið hefði verið til kynningar hjá SSH sem síðan sendi á sveitarfélögin og verði í framhaldi auglýst hjá Kópavogsbæ vegna Bláfjalla og Reykjavík vegna Skálafells.
 - kl. 08:00 mætti Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi á fundinn.
2. Lóðamál skíðaskálanna í Bláfjöllum. Lögð fram auglýsing frá Kópavogsbæ um lóðir í Bláfjöllum.
[Auglýsingar á lausum lóðum og öðrum tengdum verkefnum | Kópavogur](#)
3. Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 16. febrúar 2026 um stöðuna í fjöllum. Helgina 10.-11. janúar var opnað fyrir almenning á byrjendasvæði og aftur 17. janúar. Síðan hefur ekki verið opið vegna snjóleysis. Stefnt er á opnun 19. febrúar 2026.

Fundi slitið kl. 08:45.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Kristín Thoroddsen
Sævar Birgisson

Magnús Örn Guðmundsson
Bjarni Th. Bjarnason